



# Sævar Hannesson

Fæddur 21. september 1937


Dáinn 11. mars 2025



Prestur  
*Séra Bolli Pétur Bollason*  
Harmonikkuleikarar  
*Sigurður og Rúnar Hannessynir*  
Gítarleikari  
*Ólafur Þór Þorgeirsson*  
Einleikari á sög  
*Steini Sævar Þorsteinsson*  
Einsöngvarar  
*Katrín Halldóra Sigurðardóttir,*  
*Kristján Vattnes Sævarsson og Davíð Viðarsson*  
Undirleikari  
*Hjörtur Ingvi Jóhannsson*  
Umsjón útfarar  
*Útfararstofa Íslands, Sverrir Einarsson*

*Aðstandendur þakka samúð og vinarhug  
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar  
í safnaðarheimili kirkjunnar að athöfn lokinni.*

Útför frá Hafnarfjarðarkirkju  
fimmtudaginn 3. apríl 2025



## Forspil

Hærra minn Guð

*Matthías Jochumsson - Lowell Mason 1856*

## Bæn

Heyr mína bæn

*Ólafur Gaukur Þórhallsson - Mario Panzeri*

## Ritningarlestur

Liljan

*Þorsteinn Gíslason. - Erlent lag*

## Guðspjall

Dag í senn, eitt andartak í einu,  
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.  
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,  
þegar Guð minn fyrir öllu sér?  
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni  
minna daga skammt af sæld og þraut,  
sér til þess, að færa leið ég finni  
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,  
á við hverjum vanda svar og ráð,  
máttur hans er allri hugsun hærri,  
heilög elska, viska, föðurnáð.  
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,  
það er nóg, að Drottinn segir mér:  
Náðin mín skal nægja hverjum degi  
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum  
frið og styrk, sem ekkert buga má.  
Auk mér trú og haltu huga mínum  
helgum lífsins vegi þínum á,  
svo að ég af hjartaþeli hreinu,  
hvað sem mætir, geti átt með þér  
daginn hvern, eitt andartak í einu,  
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

*Sigurbjörn Einarsson - O. Ahnfelt*

## Minningarorð

Rósin

*Guðmundur G. Halldórsson - Friðrik Jónsson*

## Bæn – Faðir vor

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,  
hnígur að Ægi gullið röðulblys.  
Vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,  
og báran kveður vögguljóð við fjarðarströnd.  
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,  
og ég þrái svefnisins fró. -  
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Syngdu mig inn í svefninn, ljúfi blær.  
Sorgmæddu hjarta er hvíldin jafnan vær.  
Draumgyðjan ljúfa, ljá mér vinarhönd,  
og leið mig um þín töfragæstu friðarlönd.  
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,  
og ég þrái svefnisins fró. -  
Kom, draumanótt með fangið fullt af friði og ró.

*Jón frá Ljárskógum - Foster*

## Moldun

Nú máttu hægt um heiminn líða,  
svo hverju brjósti verði rótt,  
og svæfa allt við barminn blíða,  
:,:þú bjarta, heiða júlínótt.::

Hver vinur annan örmum vefur  
og unga blómið krónu fær.  
Þá dansar allt, sem hjarta hefur,  
:,: er hörpu sína vorið slær.::

Þig kveðja þakklát þessi hjörtu,  
því þegar sól við fjöllin rís,  
þá leiftra sverðin logabjörtu  
:,: sem loka þeirra Paradís.::

Og gáttu vær að vestursölum  
þinn vinarljúfa friðarstig,  
og saklaus ást í Íslandsdölum  
:,: um alla daga blessi þig.::

*Þorsteinn Erlingsson - H. Pfeil - Sigfús Einarsson*

## Blessun

Eftirspil

Kveðja

*Bubbi Morthens*